

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um réttarstöðu íslenskrar tungu og stöðu annarra tungumála í löggjöf og stjórnkerfi.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hefur ríkisstjórnin aðhafst til að styrkja réttarstöðu íslenskrar tungu eftir að Alþingi vísaði til hennar þingsályktunartillögu um það efni vorið 2004 (387. mál á 130. löggjafarþingi)?
2. Hvaða ráðagerðir eru uppi af hálfu menntamálaráðherra um stöðu alþjóðatungna, norræna mála og tungumála nýbúa og innflytjenda í löggjöf og stjórnkerfi?